

GJALDSKRÁ OG REGLUR fyrir geymslusvæði í Langanesbyggð

1. gr

Leigutakar á geymslusvæði sveitarfélagsins skulu eiga lögheimili í Langanesbyggð.

2. gr

Sótt skal um leigupláss á þar til gerðum eyðublöðum. Í umsókn komi nafn, heimilisfang og kennitala umsækjanda. Tilgreina skal áætlaðan leigutíma og tegund geymslu. Umsóknarblað skal undirritað af umsækjanda. Umsóknnum ber að skila á skrifstofu Langanesbyggðar og verða þær afgreiddar í þeirri röð sem þær berast. Við úthlutun geymslusvæðis skal leigutaki undirrita leigusamning. Leigutaka er óheimilt að endurleigja plássið til annarra.

3. gr

Leigutaki skal leggja fram með staðgreiðslu kr. 11.125 tryggingu lykils af svæðinu. Tryggingin endurgreiðist við skil á lykli við lok leigutíma.

4.gr

Gagnkvæmur uppsagnafrestur er 3 mánuðir miðað við 1. dag hvers mánaðar.

5. gr

Leigugjald er innheimt fyrir fram. Verði áætlaður leigutími styttri en samningur hljóðar upp á skal endurgreiða leigutaka hlutfallslega m.t.t. eftirstöðva leigutíma, enda hafi leigutaki greitt leigugjaldið. Leigutími getur þó aldrei verið styttri en einn mánuður.

6. gr

Leiga á geymslusvæði m/vsk. eru kr. 158 m² á mánuði. Stærðir leigureita skulu að jafnaði vera eftirfarandi:

- 3 x 4 metrar eða 12 fermetrar
- 3 x 8 metrar eða 24 fermetrar
- 3 x 12 metrar eða 36 fermetrar
- 20 feta gámur
- 40 feta gámur

Hægt er að leigja fleiri en einn reit samtímis.

7. gr

Hlutir sem geymdir eru á svæðinu mega ekki innihalda mengandi efni sem hætta er á að berist um svæðið og umhverfi þess. Leigutaki þarf að ganga þannig frá hlutunum að ekki stafi slysa- eða fokhætta af þeim.

8. gr

Ekki er aðgangur að vatni né rafmagni á geymslusvæðinu.

9. gr

Leigutaki ber einn ábyrgð á þeim munum sem hann geymir á svæðinu. Gámar á geymslusvæði skulu vera snyrtilegir og málaðir.



10.gr

Leigutaka er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Leigutaki skal gæta þess a valda ekki öðrum leigutökum ónæði eða óþægindum t.d. með því að hefta aðgengi að svæðinu þeirra. Leigutaki skal loka og læsa hliði geymslusvæði við brottför. Óheimiligt er að geyma hluti ofna á gámum sem eru í geymslu.

11.gr

Skrifstofa Langanesbyggðar sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum reiknast dráttarvextir af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingar nr. 38/2001.

12gr

Gjaldskrá þessi og reglur eru fyrir geymslusvæði Langanesbyggðar Stórholti og taka gildi frá undirritun. Leigufjárhæð og reglur þessar geta breyst í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar.

Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2019.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. nóvember 2018.

Elías Pétursson, sveitarstjóri.